# Íslensk framtíð.

Ekkert af því sem enn er hægt að segja útlendingum af Íslandi er þannig vaxið að nægja mundi til að laða hingað ferðamenn, eins og þörf væri á. En þó mætti svo til haga, að menn sæktust svo eftir að koma hingað til landsins, að af því hlytist gerbreyting á efnahag þjóðarinnar. Hér gæti orðið sú stofnun, er ekki ætti sinn líka í neinu landi öðru. Hér gæti orðið stofnun, þar sem menn ættu kost á að tala við framliðna og einnig sjá þá, á miklu fullkomnari hátt en áður hefir getað orðið, og þar sem menn í sannleika gætu „valið sér til viðtals vitringa liðna“. Tugir þúsunda mundu sækja hingað hvaðanæfa til að sjá og reyna þau undur, sem hér gerðust.

Eg ætla ekki að fara að rekja þetta neitt út í æsar að sinni, aðeins minna á, að þannig mætti til haga. Og ennfremur, að ef þessu máli væri sint, mundi það miða til þess að afstýra þeim voða, sem nú vofir yfir þjóðinni, en ilt þess að hugsa, að slíkt vorhret þyrfti að dynja á, þar sem nú þegar ná glögt skilja, hversu fagur muni verða gróandinn í íslensku þjóðlífi, þegar rétt verður stefnt.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í grein minni um Eyjólf Eyfells (12. júní) hafði misprentast litfræði f. listfræði. H. P.

Vísir 16 júní 1937